

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði þriðjudaginn 22. sept. 2015, kl. 17:30. Fundur, nr. 753.
Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Guðrún, Sigrún, Sigurður, Þorgerður og Þorsteinn.

1. Formaður setti fund kl: 17:30.
2. Fundargerð síðasta fundar, samþykkt með áorðnum breytingum
3. Innsend bréf.
 - a. Bréf dagsett 11. ágúst. Frá UMFÍ: „Verndum þau“. Lagt fram til kynningar.
 - b. Bréf dagsett 31. ágúst. Frá UMFÍ: Þingboð.
 - i. Sambandsþing UMFÍ 17.-18. okt. í Vík í Mýrdal. Lagt fram til kynningar
 - c. Bréf dagsett 2. sept. Frá UMFÍ: Námskeiðið „Sýndu hvað í þér býr“. Lagt fram til kynningar
 - d. Bréf dagsett 4. sept. Frá ÍSÍ: Nýr bæklingur um íþróttir barna og unglunga. Lagt fram til kynningar.
 - e. Bréf dagsett 8. sept. Frá UMFÍ: Kjörbréf vegna sambandsþings UMFÍ. Lagt fram til kynningar.
 - f. Bréf dagsett 10. sept. Frá ÍSÍ: Fyrirmyndarhéruð ÍSÍ. Lagt fram til kynningar
 - g. Bréf dagsett 16. sept. Formannafundur ÍSÍ, verður haldinn 27. nóvember 2015. Lagt fram til kynningar.
 - h. Bréf dagsett 22. sept. Frá ÍSÍ: Opið fyrir umsóknir í Afrekskvennasjóð Íslandsbanka og ÍSÍ. Lagt fram til kynningar.
4. Samstarfssamningar UMSE við Sveitarfélögin.
 - a. Samningur við Dalvíkurbyggð er tilbúinn, stefnt að undirritun á næstu dögum.
 - b. Samningur við Eyjafjarðarsveit lagður fram og samþykktur af stjórn.
 - c. Samningur við Svalbarðsstrandarhrepp er á vinnslustigi.
 - d. Samningur við Hörgársveit er á vinnslustigi.
5. Hreyfivika UMFÍ.

Þorsteinn sagði frá því að Dalvíkurbyggð, fyrir tilstuðlan íþróttá- og æskulýðsfulltrúa, myndi bjóða uppá dagskrá Hreyfiviku UMFÍ s.s opna íþróttatíma. Eitt aðildarfélag var tilbúið að koma að verkefninu í Dalvíkurbyggð, annað er í umsjón sveitarfélagsins. Samþykkt að gera viðburðinn enn stæri á næsta ári með þátttöku fleiri félaga innan UMSE. Framkvæmdastjóri UMSE mun senda aðildarfélögum og sveitarfélögum tölvupóst þegar nær dregur næstu hreyfiviku þar sem kannaður verður áhugi þeirra á að taka þátt í verkefninu.
6. Styrkjamál
 - a) Auglýsingar vegna úthlutunar úr Landsmótssjóði og vegna umsókna um ferðastyrki hafa verið sendar út til aðildarfélaga með tölvupósti og birtar á heimasíðu UMSE, facebook síðu sambandsins og á öðrum rafrænum síðum sem sambandið hefur aðgang að.
 - b) Framkvæmdastjóri greindi frá því að UMSE hefði sótt um styrk til íþróttasjóðs vegna kaupa á stangarstökkstöngum.
7. Skipan nefnda.

Staða nefnda innan sambandsins rædd, lagt til að stjórnarmenn skipti með sér verkum, hafi samband við félagsmenn og hveti þá til nefndarstarfa og finni einstaklinga til starfa í samstarfi við aðildarfélögin. Jafnframt er lagt til að hver stjórnarmaður verði ábyrgur fyrir starfi a.m.k. einni nefnd sem tengiliður við stjórn og/eða sem nefndarmaður. Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi tölvupóst til aðildarfélaganna þar sem hvatt er til nefndarstarfa.

8. Ávöxtun fjár vegna 100 ára afmælis UMSE árið 2022
Einar gjaldkeri og Þorsteinn framkvæmdastjóri leggja til að féð verði lagt inn til ávöxtunar (samkvæmt því sem samþykkt var á síðasta ársþingi). Einar fór yfir þær ávöxtunar leiðir sem eru í boði. Samþykkt að ávaxta féð með öruggum hætti.
9. Tilnefning fulltrúa á Sambandsþing UMFÍ 17.-18. okt. 2015
Samþykkt að senda þrjá fulltrúa á þingið í samræmi við kjörbréf, UMSE mun greiða ferðakostnað fyrir þá sem fara á þingið.
10. Unglingalandsmót 2015
Farið var yfir velheppnað unglíngalandsmót sem haldið var um verslunarmannahelgina á Akureyrir. Stjórnin var sammála um að ýmislegt hefði mátt betur fara en annað hefði verið vel unnið. Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi Ómari Braga Stefánssyni framkvæmdarstjóra Unglíngalandsmótsins, bréf og komi athugasemdum sambandsins á framfæri, vegna Unglíngalandsmótsins.
Framkvæmdastóri fór yfir þátttöku og kostnað vegna unglíngalandsmótsins. Heildar kostnaður UMSE vegna unglíngalandsmótsins er áætlaður kr. 400 -500 -
Styrkur frá Bústólpa kr. 500 - á peysu til keppenda samtals kr. 46.000 -
Styrkur frá Landflutningum kr. 50.000 -
Reikningur frá Kjarnafæði vegna grillmáltíðr sem haldin var í tjaldbúðum UMSE, kr. 191.961-
11. Önnur mál.
- a) Framkvæmdastjóri óskaði eftir ferðastyrk vegna ráðstefnunnar „Þjónandi forysta” sem hann hyggst sækja að Bifröst 25. sept. Frestað til næsta fundar
- b) Samþykkt að halda stjórnarfundum sambandsins í vetur fyrsta þriðjdag í mánuði kl 17:30.
- c) Áframhaldandi heimsóknir til aðildarfélaga, samþykkt að næsti stjórnarfundur verði haldinn í Dalvíkurbyggð 12. okt. kl. 19:00. Stjórnin mun funda með fulltrúum frá Umf. Reyni, Umf. Svarfdælum og Umf. Þorsteini Svörfuði kl: 18:00.
- d) UMSE hefur eignast stórt samkvæmistjald. Þorsteinn framkvæmdastjóri sagði frá því að sambandið hafi leigt tjaldið út og haft af því kr. 60.000 - í tekjur. Samþykkt að björgunarsveitir hafi aðgang að tjaldinu án endurgjalds. Samþykkt að athuga með að fá Landflutninga til að geyma tjaldið fyrir sambandið. Samþykkt að skoða nýja galdskrá vegna útleigu á tjaldinu. Það er komið að hreinsun og viðhaldi á tjaldinu, ákveðið að athuga með hvað er best í þeim efnum.
- e) Sigurður ræddi um búninga fyrir iðkendur UMSE. Samþykkt að framkvæmdarstjóri athugi með málið og fari í að útvega galla.
12. Næsti fundur ákveðin mánudaginn 12. okt á Dalvík kl; 19:00
13. Fundi slitið kl: 19:30

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
